

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag Dyrholts í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag Dyrholts í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir svæði fyrir 8 frístundahús til útleigu, 2 salernishús, þjónustuhús og 5 ha tjald- og leiksvæði.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 24. desember 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson.**